

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur um greiðslur vegna tjóna er urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í sumar.

1. *Í hve mörgum tilvikum varð altjón á húseignum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní sl.?*

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands urðu 34 altjón á íbúðarhúsum í jarðskjálftunum og enn kunna fáein hús að bætast við þar sem skemmdir eru enn að koma í ljós. Altjón varð jafnframt á fjölmörgum útihúsum. Viðlagatryggingu Íslands var ekki unnt á þeim stutta tíma sem gafst til vinnslu fyrirspurnarinnar að tilgreina nákvæmlega fjölda altjónaðra útihúsa eða birta sundurliðaðan lista. Ljóst er þó að altjón á útihúsum eru á annað hundrað. Í skráningu Viðlagatryggingar á tjónamati og tjónsuppgjörum er skráð heildartjón á húseignum á bújörðum en ekki sundurliðuð tala vegna hverrar húseignar. Til að vinna skrá yfir altjón á útihúsum þarf að fara í gegnum matsgögn vegna hverrar bújarðar og afla upplýsinga frá matsmönnum. Þetta er viðamikil verkefni sem stofnunin hyggst ráðast í þegar um hægist í tjónamati og þá í því skyni að upplýsa byggingaryfirvöld um útihús er þarf að rífa. Viðlagatrygging hyggst ráðast í þetta verkefni á næstunni og verða ráðuneytinu sendar viðkomandi upplýsingar.

2. *Hverjar eru ákvarðaðar bótafjárhæðir viðlagatryggingar vegna*

- a. *íbúðarhúsnæðis,*

- b. *útihúsa,*

- c. *annarra eigna,*

sundurliðað eftir eignum og borið saman við brunabótamat og endurstofnverð viðkomandi eigna samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins?

Eftirfarandi er sundurliðaður listi yfir íbúðarhús sem altjón hefur orðið á. Tilgreind er bótafjárhæð og brunabótamat og auk þess endurstofnverð samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins sem Viðlagatrygging Íslands tók saman. Um er að ræða samþykktar bótafjárhæðir nema í tveimur tilfellum. Eins og að framan greindi reyndist Viðlagatryggingu ekki unnt með svo skömmum fyrirvara að láta í té sundurliðað yfirlit yfir altjón á útihúsum. Samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar urðu ekki altjón á öðrum eignum.

**Yfirlit yfir fjölda altjóna á íbúðarhúsnæði í Árneshús- og Rangárvallasýslu
í kjölfar jarðskjálftanna 17. og 21. júní 2000.**

Árneshús			
Nr.	Bótaffjárhæð	Brunabótamat	Endurstofnverð
1	5.282.000	12.726.000	4.651.000
2	9.846.000	9.846.000	20.544.000
3	12.944.000	15.530.000	13.275.000
4	14.677.000	18.471.000	17.119.000
5	18.243.000	24.595.000	20.893.000
6	6.522.000	6.522.000	10.244.000
7	6.406.000	6.406.000	7.997.000
8	7.051.000	12.516.000	10.620.000
9	10.223.000	14.761.000	14.296.000
10	5.007.000	10.121.000	8.584.000
11	3.283.000	3.283.000	2.878.000
12	7.228.000	7.228.000	7.094.000
13	10.024.000	19.521.000	18.906.000
14	5.398.000	10.270.000	9.947.000
15	6.957.000	14.139.000	12.013.000
16	5.747.000	5.747.000	12.351.000
	134.838.000	191.682.000	191.412.000
Rangárvallasýsla			
1	6.048.000	6.048.000	11.389.000
2	10.674.000	14.144.000	13.693.000
3	14.931.000	14.931.000	14.849.000
4	10.608.400	13.852.000	12.199.000
5	10.550.000	10.550.000	12.305.000
6	9.806.000	9.806.000	13.785.000
7	10.270.000	10.270.000	11.783.000
8	12.624.000	12.624.000	12.236.000
9	6.777.000	6.777.000	11.549.000
10	7.762.000	7.762.000	14.254.000
11	5.535.400	7.116.000	8.809.000
12	5.124.000	5.124.000	5.862.000
13	5.514.000	5.514.000	8.637.000
14	6.669.000	14.775.000	13.938.000
15	7.968.000	10.781.000	10.429.000
16	8.828.000	8.828.000	11.994.000
17	9.740.000	9.740.000	8.271.000
18	10.543.000	10.543.000	12.713.000
	159.971.800	179.185.000	208.695.000
Samtals	294.809.800	370.867.000	400.107.000